

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 44/2002, um geislavarnir, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Einstaklingum yngri en 18 ára eru óheimil afnot af sólarlömpum, í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum, á stöðum sem starfsleyfi hafa samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð. Um eftirlit, þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

b. Við 2. mgr. bætist: og öðrum takmörkunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

*Gjört á Bessastöðum, 24. júní 2010.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Álfheiður Ingadóttir.*